

**Nd.**

**293. Nefndarálit**

[159. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur, að gengisbreyting sú, sem tilkynnt var um í gær, sé ekki lausn á þeim efnahagsvanda, sem við er að etja.

Ríkisstjórnin hefur ekki mótað neina heildarstefnu, sem tryggi fulla atvinnu til frambúðar, heilbrigðan rekstur atvinnuveganna og taki réttmætt tillit til hagsmuna launastétta og þá sérstaklega láglaunafólks.

Þótt ákvæði þessa frv. séu í sjálfu sér tæknilegs eðlis í framhaldi af ákvörðun um gengisbreytingu, sem húið er að taka, lýsir þingflokkur Alþýðuflokksins andstöðu sinni við stefnu ríkisstjórnarinnar með því að greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.